



Haustfundur Byggðasamlagsins Odda bs.

Leikskólinn Laugaland

Eftirfarandi eru upplýsingar um stöðu Leikskólans Laugalandi varðandi fjölda starfsmanna, endurmenntun, nemendafjölda og búnað og aðstöðu að hausti 2025.

#### Fjöldi starfsmanna og stöðugildi 1. október 2025

| Staða                                             | Fjöldi starfsmanna | Stöðugildi  |
|---------------------------------------------------|--------------------|-------------|
| Leikskólastjóri                                   | 1                  | 1           |
| Aðstoðarleikskólastjóri/ Umsjónarmaður sérkennslu | 1                  | 0.79        |
| Deildarstjórar                                    | 3                  | 2.55        |
| Umönnun og kennsla barna                          | 11                 | 8.88        |
| Ræsting                                           | 4*                 | 0.57        |
| <b>Samtals</b>                                    | <b>17</b>          | <b>13.8</b> |

Stöðugildi innan leikskólans þann 1. október eru því samtals 13.8 sem sinnt er af 17 starfsmönnum. Þann 3. nóvember snýr einn starfsmaður til baka úr fæðingarorlofi en á sama tíma fer annar í tímabundið veikindaleyfi. Stöðugildi frá 3. nóvember verða því 14.8 sem sinnt verður af 18 starfsmönnum (starfsmaður í veikindaleyfi talin með).

\*Gerðar hafa verið breytingar hvað varðar ræstingu, einn aðili sinnir ræstingu á Landi og í Ásum en þrír starfsmenn leikskólans skipta með sér ræstingu í Holtum, eina viku í senn. Þá sér lokunarvakt á föstudögum um að ræsta í Holtum þann dag.

Ef horft er á starfshlutföll utan ræstingar eftir menntun starfsmanna er staðan eftirfarandi

| Menntunarstig      | Fjöldi starfsmanna | Stöðugildi  |
|--------------------|--------------------|-------------|
| Leyfisbréf kennara | 3                  | 2.8         |
| Faglærðir í KÍ     | 3                  | 2.2         |
| Leikskólaliði      | 1                  | 1           |
| Ófaglærðir         | 9                  | 7.3         |
| <b>Samtals</b>     | <b>16</b>          | <b>13.3</b> |

Af 13.3 stöðugildum eru aðeins 2.8 með leyfisbréf kennara – það gera 20% sem er nokkuð langt frá lagalegu viðmiði um fjölda kennara með leyfisbréf. Af þremur faglærðum starfsmönnum í KÍ eru tveir nemar á lokaári til að öðlast leyfisbréf, miðað við núverandi

starfshlutfall munu þá 1.4 stöðugildi bætast við og verður hlutfallið þá 30%. Í lögum um leikskóla er kveðið á um að tveir þriðju hlutar starfsmanna skuli hafa leyfisbréf kennara.

Það er töluverðum erfiðleikum bundið að fá fólk til að skuldbinda sig við 100% starfshlutfall, því var brugðið á það ráð þegar tvær umsóknir bárust um fullt starf að ráða báða þá einstaklinga til starfa en minnka starfshlutfall þriggja hlutastarfsmanna á móti, lækkuðu þá bæði ófaglærður deildarstjóri og faglærður starfsmaður. Þetta er ákveðið púsluspil sem við reynum að leysa eftir bestu getu. En með því að ráða tvo starfsmenn í fullt starf var hægt að bjóða fleiri börnum fulla vistun en ella hefði verið hægt að gera. Af 16 starfsmönnum eru aðeins 7 í fullu starfi og starfsmaður sem kemur inn í nóvember hefur óskað eftir að minnka við sig.

### **Endurmenntun starfsmanna**

Á starfsdögum fer alla jafna fram einhver fræðsla fyrir allt starfsfólk, má þar nefna fræðsludag Rangárþings ytra og ný afstaðið haustþing leikskólanna á Selfossi. Þess fyrir utan er markmiðið að hver og einn starfsmaður fái notið fræðslu sem styrkir viðkomandi í hlutverki sínu. Mat á þeirri þörf fer fram í starfsmannasamtölum nú í lok október. Í framhaldinu verður metið með hvaða hætti hægt verður að koma til móts við þarfir sem flestra um að styrkja sig í starfi. Hefðbundin fræðsla starfsdaga ætti hins vegar að uppfylla kröfur um endurmenntun starfsfólks.

Til stóð að tveir nýjir starfsmenn myndu sækja námskeið Skólapjónustu fyrir nýtt starfsfólk leikskóla en það var felld niður vegna ónógrar þátttöku.

Tveir starfsmenn eru á lokaári háskólanáms til að öðlast leyfisbréf kennara og hefur leikskólinn undirgengist samkomulag við Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri vegna náms þessara tveggja starfsmanna. Rétt er að taka fram að slíkur samningur felur í sér töluverða aukningu á undirbúningstíma - umfram það sem kjarasamningar kveða á um bæði fyrir nemann en einnig fyrir leiðsagnarkennara. Í vetur má telja það sem a.m.k. 24 klukkustundir aukreitis á mánuði sem jafngildir 24 heilum vinnudögum á námstímanum, frá september til loka apríl. Á sama tíma og við hvetjum starfsfólk til náms er mikilvægt að við séum meðvituð um þær skuldbindingar sem leikskólinn þarf að undirgangast til þess að nemar geti lokið námi sínu.

## Nemendafjöldi þann 1. október 2025

| Deild          | Fjöldi barna         | Árgangur á deild   |
|----------------|----------------------|--------------------|
| Ásar           | 9 (verða 12)         | 2023 og 2024       |
| Holt           | 18                   | 2023, 2022 og 2020 |
| Land           | 14                   | 2021               |
| <b>Samtals</b> | <b>41</b> (verða 44) |                    |

Nú í haust opnuðum við loks nýja deild - Ása - þar er ungbarnadeild sem getur hýst allt að 12 börn. Þegar er búið að úthluta öllum þeim plássum, von er á einu barni í nóvember og tveimur í byrjun janúar. Þó svo búið sé að opna deildina er enn beðið eftir innréttingum og húsgögnum en til að hægt væri að opna deildina var notast við ýmislegt til að láta hlutina ganga upp.

Með þriðju deildinni gefst okkur nú kostur á að stilla upp deildarstærðum eins og best hentar miðað við fjölda barna. Því fylgja bæði kostir en líka áskoranir þar sem árgangar eru mjög misstórir. Markmiðið við röðun barna á deildir er ávallt að hafa stærð deildanna sem ákjósanlegast til að tryggja gott utanumhald fyrir öll börn og að starfsaðstæður séu sem bestar.

### Aðstaða og búnaður

Við opnun nýrrar deildar þurfti að fjárfesta í ýmsum búnaði og þjónustu tæknimanna. Enn er ekki fyrir séð hver kostnaður leikskólans verður við húsbúnað þar sem hann er ekki komin til landsins.

Leikskólinn hefur nú eftirlátið grunnskólanum herbergi á efstu hæð hússins þar sem til stóð að væri undirbúningsherbergi starfsmanna. Það nýttist starfsmönnum hins vegar ákaflega illa. Með tilkomu þriðju deildarinnar var hins vegar hægt að útbúa undirbúningsrými niðri í Holtum, þar þarf að fjárfesta í búnaði á borð við prentara til að herbergið nýttist starfsfólk sem best og ekki þurfi að fara langar leiðir eftir gögnum.

Gerð var úttekt á leiksvæðum leikskólans í lok september og bíðum við eftir niðurstöðum þeirrar úttektar. Þó er ljóst að fara þarf í einhverjar endurbætur á malarleiksvæðinu sem staðið hefur óbreytt frá árinu 2007. Þá var okkur gefinn bátur sem koma þarf fyrir á

grasleiksvæðinu og bíðum við eftir því að starfsmenn áhaldshússins hafi tök á að fara í það verkefni. Að sama skapi er beðið eftir því að geymsluskúr sem kom til landsins fyrir rúmu ári rati til okkar.

Þá gaf kvenfélagið Eining okkur eina milljón króna nú í vor og tókum við þá ákvörðun að fjárfesta í bambahúsi, gróðurhúsi, sem okkur var afhent í byrjun ágúst. Það er hins vegar ekki nóg að eiga gróðurhús svo nú þurfum við að fjármagna búnað til að geta nýtt húsið sem best til ræktunar og útikennslu.

Að síðustu - í maí næstkomandi á leikskólinn Laugaland 30 ára afmæli. Er það ósk okkar að sveitarfélagið úthluti leikskólanum landsvæðinu sem áður tilheyrði Mýrarkoti sem svæði tileinkað útikennslu og ræktun og kosti girðingu kringum svæðið - sem 30 ára afmælisgjöf til leikskólans. Þar sem við treystum því að sá draumur okkar verði að veruleika erum við nú að ýta úr vör verkefninu "Fræ framtíðarinnar".

Verkefnið miðar að því að efla skilning leikskólabarna á náttúrunni, sjálfbærni og mikilvægi þess að annast um umhverfið. Með því að sjá fræjum og rækta ávexti og grænmeti kynnast börnin hringrás náttúrunnar á lifandi hátt. Þau fá að fylgjast með því hvernig lífið sprettur fram úr litlu fræi, læra að bera ábyrgð á plöntum og sjá ávöx vinnu sinnar vaxa og dafna.

Verkefnið stuðlar að aukinni umhverfisvitund, skapar tækifæri til samvinnu og gleði og styrkir um leið tengsl barnanna við mat og náttúru.

Virðingarfyllt

Kristín Ósk Ómarsdóttir

Leikskólastjóri

Leikskólinn Laugaland